



www.ibr.hi.is

„Að eiga samskipti er lykillinn“ Aðlögun maka Íslendinga í Þýskalandi og Sviss

Arna Ósk Arnarsdóttir, MS í mannauðsstjórnun
Svala Guðmundsdóttir, aðjúnkt, Háskóli Íslands

Ritstjórar:

Kári Kristinsson

Magnús Pálsson

Þórður Óskarsson

Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands:
Erindi flutt á ráðstefnu í mars 2012

Ritrýnd grein

Reykjavík: Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands

ISSN 1670-8288
ISBN 978-9979-9933-3-9



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

„AÐ EIGA SAMSKIPTI ER LYKILLINN“ AÐLÖGUN MAKA ÍSLENDINGA Í ÞÝSKALANDI OG SVISS

Arna Ósk Arnarsdóttir, MS í mannauðsstjórnun
Svala Guðmundsdóttir, aðjúnkt, Háskóli Íslands

SAMANTEKT

Sífelld fleiri fyrirtæki stunda alþjóðleg viðskipti og því fjölga útsendum starfsmönnum fyrirtækja stöðugt. Oftar en ekki eiga þeir maka og jafnvel börn sem flytja með þeim. Það er fyrirtækjum kostnaðarsamt að senda starfsmenn út og enn dýrara ef verkefnið gengur ekki upp og starfsmaðurinn kemur fyrir heim en áætlað er. Ein helsta ástæðan fyrir því að starfsmenn koma heim fyrir en áætlað er, er að makinn nær ekki að aðlagast í nýja landinu. Rannsóknir hafa sýnt að erfitt getur reynst að aðlagast nýju samfélagi, sérstaklega þegar einstaklingurinn tekur ekki beinan þátt í því í gegnum vinnu eða skóla.

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða aðlögun maku íslenskra starfsmanna sem eru búsettir í Þýskalandi og Sviss. Gerð var rannsókn þar sem tekin voru átta viðtöl við maku Íslendinga í Þýskalandi og Sviss í þeim tilgangi að kanna hve vel mökunum hafði tekist að aðlagast samfélaginu. Niðurstöðurnar benda til þess að þeir hafi átt tiltölulega erfitt með samfélagslega aðlögun. Niðurstöðurnar gefa jafnframt vísbendingu um að gott vald á tungumálinu og samskipti við infædda og aðra íbúa skipti miklu máli í aðlögunarferlinu. Mikilvægt er því að fyrirtæki í útrás bjóði ekki bara starfsmönnum heldur einnig mökum upp á tungumálanám ásamt annarri fræðslu um samskipti við innfædda almennt.

INNGANGUR

Margar elendar rannsóknir hafa verið gerðar er varða maku útsendra starfsmanna (Black og Gregersen, 1991; Black og Stephens, 1989; Kupka og Cathro, 2007; Shaffer og Harrison, 2001). Fyrir utan alla þá útsendu starfsmenn sem starfandi eru víðsvegar um heiminn ber einnig að hafa í huga maku þeirra og fjölskyldur. Samkvæmt könnun Brookfield Global Relocation Services (2011) voru 80% útsendra starfsmanna í sambúð og þar af voru 68% giftir og 47% þeirra áttu börn. Flestir makanna voru heimavinnandi á meðan á dvölinni erlendis stóð eða 65% og þar af voru 60% með vinnu í heimalandinu áður en af stað var haldið. Burt séð frá þeirri staðreynd að svo stórt hlutfall útsendra starfsmanna séu í sambúð eða giftir, er ástæðan fyrir þessum áhuga fræðimanna á mökum útsendra starfsmanna meðal annars sú að aðlögun maku hefur áhrif á aðlögun útsendra starfsmanna. Einnig hefur hún áhrif á úthald þeirra, það er að þeir gefist ekki upp og komi heim áður en áætlað var (Black og Stephens, 1989; Shaffer og Harrison, 1998).

AÐLÖGUN

Einstaklingar sem flytjast til annarra landa og menningarheima eiga það sameiginlegt að þeir komast fljótt að því að það sem virkaði vel í heimalandinu gerir það ekki lengur í nýju heimkynnum og

getur það orsakað aðlögunarerfiðleika á nýja staðnum. Allir sem flytjast á milli landa þurfa að aðlagast, þeim sem ekki tekst það snúa gjarnan fyrr en varir aftur til síns heima eða búa við einangrun í viðkomandi landi. Misjafnt er hvernig einstaklingar bregðast við. Sumir berjast fyrir því að halda í sína siði og hefðir á meðan aðrir reyna í örvæntingu sinni að hegða sér líkt og innfæddir og falla inn í hópinn. Viðbrögð einstaklinga velta að einhverju leyti á því hver ástæða flutninganna var (Kim, 2001).

Aðlögun hefur gjarnan verið skipt upp í mismundandi flokka og sem dæmi má nefna skilgreiningu Black og Stephens (1989). Þeir skiptu aðlögun í þrjá flokka sem eru: Almenn aðlögun (e. general adjustment), samskiptaaðlögun (e. interaction adjustment) og vinnuaðlögun (e. work adjustment). Almenn aðlögun felur, svo dæmi sé tekið, í sér aðlögun einstaklingsins að veðri, mat og búsetu. Samskiptaaðlögun felur í sér hve vel viðkomandi tekst að mynda tengsl og eiga í samræðum við innfædda sem og að aðlagast mismunandi tjáningarformi. Ef einstaklingurinn kann tungumálið má búast við því að hann eigi auðveldara með samskiptaaðlögun en sá sem ekki kann það. Undir samskiptaaðlögun fellur einnig hvernig skuli hegða sér við ákveðnar aðstæður. Vinnuaðlögun felur meðal annars í sér hve vel viðkomandi kann við eða nær að aðlagast nýjum vinnugildum (Black, Mendenhall og Oddou, 1991). Í þessari rannsókn var flokkurinn samskiptaaðlögun sérstaklega skoðuð og rannsökuð.

Samskiptaaðlögun

Sá stöðugi lærdómur sem á sér stað hjá einstaklingum lærist meðal annars í gegnum samskipti. Við lærum að tala, hlusta, lesa, túlka og skilja bæði munnleg og þögul skilaboð þannig að við og sá sem við eigum í samskiptum við náum að koma auga á, samþykkja og að svara þessum skilaboðum. Hæfileikinn að eiga samskipti er okkur gífurlega mikilvægur í því umhverfi sem við búum (Kim, 2005).

Félagsleg samskipti (e. social communication) birtast í ólíkum myndum. Þegar horft er á heildarmyndina eiga félagsleg samskipti sér stað í gegnum til dæmis fréttablöð, sjónvarp og bíómyndir. Ef við minnkum myndina töluvert erum við að tala um félagsleg samskipti á heimilinu, í nágreininu, á vinnustaðnum, kennslustofum og svo framvegis. Það að vera ávarpaður af einhverjum ókunnugum á götunni flokkast einnig hér undir, sem og alvarleg samtöl við nána vini. Þessar félagslegu aðgerðir samskipta ásamt fleirum hafa verið flokkaðar í tvo flokka: Persónuleg samskipti (e. interpersonal communication activities) og fjölmiðla samskipti (e. mass communication activities). Persónuleg samskipti eru þau samskipti sem eiga sér stað augliti til auglits. Undir fjölmiðla samskipti flokkast þær aðgerðir eins og að horfa á sjónvarp, hlusta á útvarp, lesa blöð og fara í leikhús (Kim, 2001).

Samskipti fela í sér bæði munnlega og líkamlega tjáningu. Hægt er að segja að óskráðar reglur gildi um hvað skuli segja og gera við ákveðnar aðstæður. Samskipti fela ekki einungis í sér orðaskipti milli einstaklinga heldur einnig þá hegðun sem æskileg er, athafnir, siði og venjur (Argyle, 1988). Það að hafa samskipti við innfædda spilar stórt hlutverk í aðlögunarferlinu. Með því að hafa samskipti við þá öðlast einstaklingurinn upplýsingar um fólkið í landinu og fær innsýn í hvernig það hugsar og af hverju það hegðar sér líkt og það gerir. Í gegnum bæði formleg og óformleg samskipti fær einstaklingurinn þann félagslega stuðning sem hann þarfnast til þess að takast á við erfiðleika sem og tækifæri til þess að læra tungumálið, kynnast menningunni og komast í samband við fleiri einstaklinga (Jou og Fukada, 1995; Kim, 2005).

Tungumálið spilar stórt hlutverk í öllum okkar samskiptum og við myndun félagslegra tengsla. Einn þáttur aðlögunar er að kunna tungumálið sem talað er í landinu. Í því felst ekki aðeins að kunna tungumálið, það er orðaforða þess, hljóðfræði og setningafræði heldur einnig hvernig eigi að nota

það í daglegu lífi, hvað sagt er við ákveðnar aðstæður sem og það sem ekki má segja (Chen, 1992; Gudykunst, 1986; Gudykunst, Ting-Tooney og Chua, 1988). Niðurstöður margra fræðimanna benda til þess að tungumálið skipti höfuðmáli í aðlögun einstaklinga (Lauring, 2001; Lauring og Selmer, 2009). Þegar einstaklingar hafa gott vald á tungumálinu í viðkomandi landi eiga þeir auðveldara með að læra á menningu landsins sem og að verða félagslega virkir (Cohn og Wood, 1982). Tungumálakunnátta felst ekki aðeins í því að geta tekið á móti og látið frá sér upplýsingar heldur gerir það einstaklingum kleift að læra að hugsa á þann hátt sem innfæddir gera (Kim, 2001). Niðurstöður rannsóknar Yang, Noels og Saumure (2006) á skiptinimum benda til þess að ákveðnar persónugerðir einstaklinga eigi auðveldara með að aðlagast. Þeir fundu út að það væri þó ekki skilyrði þar sem góð tungumálakunnátta væri í raun þungamiðjan þegar kemur að aðlögun. Niðurstöður þeirra benda því til þess að þó svo að sumir einstaklingar séu betur í stakk búnir, einfaldlega vegna persónueiginleika sinna, til að aðlagast annarri menningu, þá þýðir það ekki að þeir sem ekki búi yfir þessum eiginleikum geti ekki líka tekist vel til. Með því að læra tungumálið og þróa með sér samskiptahæfni (e. communication skills) geta sumir upplifað jákvæða reynslu af veru sinni erlendis og náð að aðlagast vel. Af þessum niðurstöðum að dæma er það að kunna góð skil á tungumálinu sem talað er í landinu sérstaklega mikilvægt við aðlögun. Í rannsókn Shaffer og Harrison (2001) kom fram að þeir makar útsendra starfsmanna sem jákvæða reynslu höfðu af því að búa erlendis, höfðu allir lært tungumálið eða að minnsta kosti grunnvallaratriði þess. Aftur á móti hafði enginn þeirra maka sem neikvæða reynslu hafði af því að búa erlendis haft fyrir því að reyna að læra tungumálið. Það að eiga samskipti við innfædda og að kunna tungumálið hangir að vissu leyti saman en ætla má að sá sem talar tungumálið hafi meiri samskipti við innfædda. Það er nokkuð algengt að útsendir starfsmenn fái þjálfun sem meðal annars felur í sér tungumálakennslu fyrir flutning og er mikilvægi góðrar tungumálakunnáttu vel þekkt innan fræðanna um útsenda starfsmenn, þótt það sé ekki ávallt raunin hjá fyrirtækjum að þau bjóði upp á tungumálakennslu (Black og Mendenhall, 1990; Tungli og Peiperl, 2009). Shaffer og Harrison (2001) sýndu fram á að það sama gildir fyrir maka útsendra starfsmanna. Þeir þurfa alveg jafnmikið á tungumálakennslu að halda líkt og starfsmennirnir sjálfir. Niðurstöður rannsóknar sem Anna Aradóttir (2005) gerði benda til þess að íslensk fyrirtæki séu enn ekki farin að huga að þessum þáttum af mikilli alvöru. Mannauðseildir þeirra sjá oft ekki fyrir meiru en að koma fjölskyldunni út fyrir landssteinana og að flytja búslóðina til og frá landinu. Annað virðist vera á ábyrgð fjölskyldunnar. Niðurstöður rannsóknar á vegum Brookfield Global Relocation Services (2011) benda til þess að ein af helsta ástæðan fyrir því að útsendir starfsmenn gefast upp og snúa fyrr heim en áætlað er sé vegna þess hve illa makar ná að aðlagast menningu landsins. Þrátt fyrir þessa vitneskju er ekki mikið um þjálfun og undirbúning fyrir maka starfsmanna áður en haldið er út hvorki hér á landi né erlendis (Mendenhall, Dunbar og Oddou, 1987; Anna Aradóttir, 2005).

RANNSÓKN

Rannsókninni var ætlað að skoða samskiptaaðlögun einstaklinga sem flust hafa til Þýskalands eða Sviss með maka sínum, þar sem makinn hafði vinnu en viðkomandi einstaklingur ekki. Markmið rannsóknarinnar var að veita innsýn í samskiptaaðlögun maka Íslendinga í Þýskalandi og Sviss.

Ákveðið var að notast við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekin voru hálf opin viðtöl við átta einstaklinga. Gerður var viðtalsrammi með 23 spurningum. Tekið var mið af spurningalista Black og Stephens (1989) sem fjallar meðal annars um félagslega aðlögun. Þýði rannsóknarinnar voru allir þeir einstaklingar sem flust hafa út til Þýskalands eða þýskumælandi hluta Sviss með maka sínum þar sem aðstæður eru þannig að maki þeirra var að vinna en þeir ekki. Löndin tvö, Þýskaland og Sviss, eru mjög sambærileg hvað menningu varðar og kemur það því ekki að sök að viðmælendur búi í þessum tveimur löndum (Hofstede, 2001; House o.fl., 2004). Viðmælendur þurftu einnig að hafa

búið í landinu í að minnsta kosti sex mánuði. Þar sem viðmælendur þurftu að uppfylla þessi skilyrði var notast við svokallað kvótaúrtak. En þegar þeirri aðferð er beitt koma einungis þeir einstaklingar til greina sem uppfylla viss skilyrði er varða bakgrunn þeirra (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003). Viðmælendur voru allir íslenskar konur. Sú yngsta var 27 ára og sú elsta 40 ára. Allar áttu þær eitt barn eða fleiri að undanskilinni einni. Sex bjuggu í Þýskalandi og tvær bjuggu í Sviss. Flestar höfðu þær lokið einhverskonar grunnámi í háskóla eða byrjað og hætt vegna flutninga. Tvær höfðu lokið mastersnámi. Þær höfðu allar búið að lágmarki í ellefu mánuði í Þýskalandi eða Sviss. Þær sem búið höfðu lengst í Þýskalandi eða Sviss höfðu búið þar í tvö ár. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 13. júní til 17. ágúst 2011. Sex viðtöl voru tekin augliti til auglitis og tvö viðtöl voru tekin í gegnum skype. Lengd viðtalanna var að meðaltali 45 mínútur og notast var við forritið Audacity við upptöku viðtalanna. Viðtölin voru lesin ítrekað yfir og kóðuð.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Óhætt er að segja að allir viðmælendur töldu félagsleg tengsl mikilvæg en margir áttu þeir þó erfitt með að kynnst fólki og eignast vini. Nokkrir viðmælendur sögðust ekki hafa nein samskipti við heimamenn og áttu einnig fáa vini eða kunningja á staðnum. Hins vegar töluðu þessir einstaklingar um að það þyrfti að breytast. Einn viðmælandi sem var búinn að búa í tvö ár í Þýskalandi, sagði að ef hann ætlaði að vera lengur með fjölskyldu sína þar yrði hann að vinna í því að byggja upp eitthvað tengslanet því annars gengi dæmið ekki upp og allt myndi hreinlega hrynja. Aðspurður hvort hann ætti mikið af vinum í Þýskalandi var svarið:

„Við höfum ekkert samlagast þýsku fólki þó við höfum samlagast umhverfinu, Þjóðfélaginu og menningunni og svoleiðis...en þá er fólkið eitthvað sem við höfum ekki náð að tengjast...já nei enga þýska vini og ég hef heldur ekki reynt að leita, bara verið upptekin sjálf, þú veist í skólanum, börnin og þú veist að reyna að upplifa umhverfið líka.“

Aðeins einn viðmælandi taldi sig hafa aðlagast þýsku samfélagi vel þau tvö ár sem hann hefur búið þar. Hann sagðist duglegur við að reyna að kynnst fólki og hafði verið það frá byrjun. Hann taldi að til þess að kynnst fólki þyrfti að líta aðeins í eigin barm og vera opinn, hann sagði að það gerðist ekki af sjálfu sér. Hins vegar voru margir sem töluðu um að þeim fyndist þeir ekki hafa neinn vettvang til þess að kynnst fólki þar sem þeir voru hvorki í vinnu né skóla. Einnig töluðu þeir um að þeim leiddist stundum eða væru stundum einmana og einn sagðist hafa mikla heimþrá og langaði að flytja heim. Flestir af þeim sem lítil sem engin samskipti áttu við Þjóðverja höfðu ekki setið nein þýskunámskeið. Tveir viðmælendur áttu orðið marga vini og kunningja og virtust vera komnir vel inn í samfélagið. Þeir höfðu báðir setið nokkur þýskunámskeið og lagt mikið upp úr því að læra tungumálið frá fyrsta degi.

Flestir þeirra viðmælenda sem áttu börn á leik- og grunnskólaaldri töldu það hjálpa þeim mikið við að komast í samband við og kynnst fólki. Þeir sem áttu engin börn eða mjög ung börn töldu sig ekki hafa neinn vettvang þar sem þeir fengju tækifæri til þess að kynnst fólki líkt og orð eins viðmæland gefa til kynna:

„Já, ég náttúrulega ég er ekki í skóla hérna og er heldur ekki í vinnu þannig að maður einangrast fljótt frá öllu, maður getur lokað á samfélagið úti þó maður geti farið í búðirnar og verslað þá heldur maður ekki við tungumálakunnáttunni við það.“

Flestum viðmælendum þótti mikilvægt að öðlast góð tök á tungumálinu til þess að geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu en sumum þótti erfitt að hefja nám í þýsku. Það var mjög mismunandi eftir svæðum hvort viðmælendur töldu sig komast upp með það að tala ensku, þeir sem bjuggu í Sviss töldu það gerlegt sem og þeir sem bjuggu norðarlega í Þýskalandi. Flestir viðmælendanna voru sammála því að það hafi verið erfitt í byrjun að kunna ekki tungumálið. Einn viðmælandi sagðist finna fyrir miklum mun frá því að hann kom fyrst alveg mállaus og þar til í dag. Í byrjun hafi það verið sérstaklega erfitt að vera mállaus og með börn:

„Já og með þrjú börn í skóla, það er alltaf sem einhver kemur heim með einhverja miða, á hverjum einasta degi og ég var bara alveg með orðabókina að reyna að komast í gegnum þessa miða alveg, hvað væri að gerast og hvar þær ættu að mæta og þetta.“

Annar viðmælandi sagði einnig frá því þegar hann fékk barnavernanefnd heim til sín og brá heldur í brún. Hann hafði áður fengið póst um reglulega lækni skoðun sem hann hafi átt að mæta með barnið í líkt og aðrir foreldrar barna á þessum aldri en hann hafi hunsað boðið. Það gerði hann að sjálfsgöðu ekki vísitandi heldur hafði einfaldlega ekki skilið nákvæmlega hvað í bréfinu stóð og ekki áttað sig á mikilvægi þess. Það er því ljóst að þýskukunnáttan kemur að góðum notum og enskan dugir ekki alltaf. En þrátt fyrir að sumir viðmælendur teldu sig geta talað og lesið þýsku að einhverju leyti fannst þeim þó erfitt að geta ekki átt eðlileg samskipti. Einn viðmælandi sagði að honum þætti erfitt að geta ekki skotið einum og einum brandara inn í samræðum þegar honum datt eitthvað sniðugt í hug. Það pirraði hann að geta ekki verið hann sjálfur:

„Þú veist maður nær ekki að koma, ég var oft að hugsa þú veist eins og á kóræfingu eða eitthvað þú veist bara dettur í hug einhver brandari...og þó það sé á ensku þá þú veist myndi ég samt ekki segja hann þó kannski flestir tali ensku þá er samt eitthvað svo asnalegt að segja hann því ekki allir geta skilið hann. Þú veist, það er svona alveg eitthvað ohhh. Þú veist ef þú bara vissir ég er fyndin.“

Annað mikilvægt atriði er skilningur á því sem er að gerast í kringum einstaklinginn. Ef viðkomandi skilur ekki tungumálið, skilur hann ekki fréttirnar, sjónvarpsþætti, útvarp og svo framvegis og á þá líklega erfiðara með að skilja menninguna og fólkið. Einn viðmælandi sagði að hann væri ekki duglegur að fylgjast með því sem væri að gerast, en renndi þó í gegnum blöðin núorðið. Auk þess var sjónvarpið ekki í mikilli notkun á heimilinu og það var heldur ekki mikið um bíóferðir þar sem hann taldi sig ekki skilja þýskuna nógu vel. Aðspurður hvernig honum hafi gengið að aðlagast að þeirri skemmtun og afþreyingu sem í boði væri svaraði hann:

„Ekki vel, eða þú veist, maður fer náttúrulega ekki í bíó þegar maður skilur ekki neitt og...sjónvarpsdagskráin er náttúrulega, það er margt geggjað, maður er með milljón stöðvar og það er fullt í boði en á meðan það er allt döbbað að þá er allt einhvern veginn svolítið þú veist en við höfum alveg horft á þýskar bíómyndir, eitthvað sem maður hefur kannski séð áður eða eitthvað, en annars voðalega lítið sko.“

Jou og Fukada (1995) hafa bent á að í gegnum bæði formleg og óformleg samskipti fær einstaklingurinn þann félagslega stuðning sem hann þarfnast til þess að takast á við erfiðleika sem og tækifæri til þess að læra tungumálið, kynnast menningunni og komast í samband við fleiri einstaklinga. Flestum viðmælendum þótti mikilvægt að öðlast góð tök á tungumálinu til þess að geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu en sumum þótti erfitt að hefja nám í þýsku sem þar af leiðandi leiddi til minni samskipta. Helmingur viðmælenda hafði setið einhver þýskunámskeið en hugsanleg

ástæða þess að ekki var um fleiri að ræða er hversu dýr þessi námskeið eru. Einn viðmælandi gerði sér fljótt grein fyrir því hve mikilvægt væri að tala tungumálið og hún og maðurinn hennar sömdu því við fyrirtækið sem hann vinnur hjá um að þau fengju þýskukennslu borgaða af fyrirtækinu. Cohn og Wood (1982) hafa einmitt bent á að þegar einstaklingar hafa gott vald á tungumálinu í viðkomandi landi eiga þeir auðveldara með að læra á menningu landsins sem og að verða félagslega virkir. Þetta er í samræmi við ráðleggingar viðmælanda. En flestir viðmælandanna voru ekki lengi að svara þegar þeir voru spurðir hverju þeir myndu ráðleggja vini sínum sem ætlaði að flytja til Þýskalands. Flestir töldu mikilvægast að læra tungumálið og komast vel inn í það. Einn viðmælandinn taldi að með því að kunna tungumálið yrði allt auðveldara. Hann hafði sjálfur ekki lært þýsku en vissi að hann þyrfti að fara að drífa í því, hann taldi að frestunin stafaði ef til vill af því að hann vissi að hann færi heim á endanum. Annar viðmælandi sagði:

„Bara að fara á þýskunámskeið...þú veist ég held að það sé aðalmálið koma sér strax inn í tungumálið og þá einhvern veginn held ég að fólki líki alltaf betur og betur.“

Allir viðmælandur töldu að það að hafa gott vald á tungumálinu væri mikilvægt til þess að geta haft samskipti við fólkið í landinu og aðlagast. Flestir viðmælandanna töluðu um mikilvægi þess að kunna tungumálið vel og reyndu hvað þeir gátu að ná tökum á því. Helmingur þeirra hafði setið þýskunámskeið að einhverju marki. Flestir voru þeir þó meðvitaðir um mikilvægi þess að æfa sig sjálfir, til dæmis með því að horfa á sjónvarp, hlusta á útvarp og lesa. Það voru þó fæstir sem gerðu það. Af niðurstöðunum að dæma er hægt að draga þá ályktun fyrir þennan hóp að ofantaldir þættir haldist í hendur, það er samskipti við Þjóðverja, vinasambönd og tungumálakunnátta. Þeir viðmælandur sem töluðu góða þýsku voru í meiri samskiptum við Þjóðverja og áttu stærri vina- og kunningjahóp sem samanstóð meðal annars af Þjóðverjum.

LOKAORÐ

Rannsókn þessi gefur vísbendingar um samskiptaaðlögun heimavinnandi maka Íslendinga sem búsettir eru í Þýskalandi og Sviss. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að makarnir hafi almennt ekki náð að aðlagast vel félagslega. Flestir áttu mjög lítil samskipti við Þjóðverja nema ef þeir þurftu á hjálp að halda til dæmis í verslunum. Margir hverjir áttu fáa eða enga vini og áttu í erfiðleikum með tungumálið. Þessar niðurstöður eru nokkuð varhugaverðar þegar litið er til rannsókna Shaffer og Harrison (2001), en þar kom fram að makar útsendra starfsmanna sem jákvæða reynslu höfðu af því að búa erlendis, höfðu allir lært tungumálið eða að minnsta kosti grundvallaratriði þess. Aftur á móti hafði enginn þeirra maka sem neikvæða reynslu hafði af því að búa erlendis haft fyrir því að reyna að læra tungumálið. Samkvæmt því er full ástæða fyrir mannauðsdeildir íslenskra fyrirtækja að skoða þann möguleika að bjóða bæði starfsmönnum og mökum upp á tungumálanám og þjálfun til þess að auðvelda aðlögunina. Ef ekkert er aðhafst er líkleggra að útsendir starfsmenn taki síður að sér verkefni erlendis eða komi fyrr heim en áætlað var sem hugsanlega verður til þess að báðir aðilar hljóti verr af. Það er bæði fyrirtækið og tiltekinn starfsmaður. Mikilvægt er þó að hafa í huga að niðurstöður rannsóknarinnar gefa einungis vísbendingar um hvernig mökum Íslendinga í Þýskalandi og Sviss gengur að eiga samskipti og að ekki er hægt að yfirfæra niðurstöðurnar yfir á önnur lönd eða maka frá öðrum löndum.

HEIMILDIR

- Anna Aradóttir. (2005). *Útrás íslenskra fyrirtækja: Hvernig má hámarka árangur útrásarverkefna fyrir fyrirtæki, starfsmenn og fjölskyldur?* Óbirt MS-ritgerð: Háskóli Íslands, Viðskipta og hagfræðideild.
- Argyle, M. (1988). *Bodily communication* (2. útgáfa). New York: Taylor & Francis.
- Black, J. S. og Gregersen, H. B. (1991). The Other Half of the Picture: Antecedents of Spouse Cross-Cultural Adjustment. *Journal of International Business Studies*, 22(3), 461-477.
- Black, J. S. og Mendenhall, M. (1990). Cross-Cultural Training Effectiveness: A Review and a Theoretical Framework for Future Research. *Academy of Management Review*, 15(1), 113-136.
- Black, J. S., Mendenhall, M. og Oddou, G. (1991). Toward a Comprehensive Model of International Adjustment: An Intergration of Multiple Theoretical Perspectives. *The Academy of Management Review*, 16(2), 291-317.
- Black, J. S. og Stephens, G. K. (1989). The influence of the Spouse on American Expatriate Adjustment and Intent to stay in Pacific Rim Overseas Assignments. *Journal of Management*, 15(4), 529-544.
- Brookfield Global Relocation Services (2011). *Global Relocation Trends – 2011 Survey Report*. Sótt 18. ágúst 2011 af http://knowledge.brookfieldgrs.com/content/insights_ideas-grts.
- Chen, G. M. (1992). Communication adaptability and interaction involvement as predictors of cross-cultural adjustment. *Communication Research Reports*, 9, 33-41.
- Cohn, S. og Wood, R. (1982). Peace Corps volunteers and host country nationals: Determinant of variations in social interaction. *Journal of Developing Areas*, 16(4), 543-560.
- Gudykunst, W. B. (1986). *Intergroup communication*. Baltimore, MD: E. Arnold.
- Gudykunst, W. B., Ting-Toomey, S., og Chua, E. (1988). *Culture and interpersonal Communication*. Newbury Park, CA: Sage.
- Hofstede, G. (2001). *Culture's consequences: Comparing Values, Behaviours, institutions and organizations across nations* (2. útgáfa). Beverly Hills: Sage Publications.
- House, R. J., Hanges, P. J., Javidan, M., Dorfman, P. W. og Gupta, V. (2004). *Culture, Leadership, and Organizations. The GLOBE Study of 62 Societies*. London, Sage Publications.
- Jou, Y. og Fukada, H. (1995). Effects of social support on adjustment of Chinese students in Japan. *Journal of Social Psychology*, 135(1), 39-47.
- Kim, Y. Y. (2001). *Becoming intercultural: An Integrative Theory of Communication and Cross Cultural Adaption*. Thousand Oaks, Ca: Sage Publication.
- Kim, Y. Y. (2005). Inquiry in intercultural and development communication. *Journal of Communication*, 55(3), 554-577.
- Kupka, B. og Cathro, V. (2007). Desperate housewives – social and professional isolation of German expatriated spouses. *The International Journal of Human Resource Management*, 18(6), 951-968. DOI: 10.1080/09585190701320908.
- Lauring, J. (2001). Intercultural organizational communication: The social organizing of interaction in international encounters. *Journal of Business Communication*, 18(3), 231-255.
- Lauring, J. og Selmer, J. (2009). Multicultural organizations: Common language and group cohesiveness. *International Journal of Human Resource Management*, 20(7), 1451-1467.

- Mendenhall, M., Dunbar, E. og Oddou, G. (1987). Expatriate selection, training and career-pathing: A review and critique. *Human resource management*, 26(3), 331-345.
- Shaffer, M. A. og Harrison, D. A. (1998). Expatriates' Psychological Withdrawal from International Assignments: Work, Nonwork, and Family Influences. *Personnel Psychology*, 51, 87-118.
- Shaffer, M. A. og Harrison, D. A. (2001). Forgotten Partners of International Assignments: Development and Test of a Model of Spouse Adjustment. *Journal of Applied Psychology*, 86(2), 238-254. DOI:10.1037//0021-9010.86.2.238.
- Tungli, Z. og Peiperl, M. (2009). Expatriate Practices in German, Japanese, U.K., and U.S. Multinational Companies: A Comparative Survey of Changes. *Human Resource Management*, 48(1), 153-171. DOI: 10.1002/hrm.20271.
- Yang, R. P., Noels, K. A. og Saumure, K. D. (2006). Multiple routes to cross-cultural adaptation for international students: Mapping the paths between self-construals, English language confidence, and adjustment. *International Journal of Intercultural Relations*, 30, 487-506. DOI: 10.1016/j.ijintrel.2005.11.010
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknunum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51-66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.